

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Upplýsingar um breytingar á lögum er varða þjónustu við fatlað fólk.

**Dags:** 19. desember 2022

**Málsnúmer:** 202212331/-

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

---

Á síðustu dögum Alþingis fyrir jól var gengið frá tveimur málum er varða þjónustu við fatlað fólk og rétt er að upplýsa bæjarráð um.

*Samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og þriggja ráðuneyta um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk.*

Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt fjármála- og efnahags-, innviða- og félags- og vinnumarkaðsráðherra hafa undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk frá því sem kveðið er á um í endanlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga dags. 15. desember 2015.

Í tengslum við samkomulagið hefur verið samþykkt breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem hámarks útsvarsálagning sveitarfélaga hækkar um 0,22% stig gegn samsvarandi lækkun tekjuskattsálagningar ríkisins. Þessi aðgerð hefur ekki áhrif á skattbyrði einstaklinga.

Í fréttatilkynningu á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélögin hafi kallað eftir mun hærra framlagi frá ríkinu vegna þjónustu við fatlað fólk, en hallinn á rekstri málaflokksins í heild fyrir sveitarfélögin nam um 14,2 ma.kr. á síðasta ári. Líkur séu einnig á að hallinn á þessu ári nemi svipaðri fjárhæð. Með samkomulaginu felst varanleg tilfærsla fjármuna sem nema 5 ma.kr. árlega frá ríki til sveitarfélaga samkvæmt frétt stjórnarráðs Íslands. Fyrir Mosfellsbæ gæti þetta þýtt um 315 m.kr. árlega miðað við að hlutdeild sveitarfélagsins sé um 6,3% af framlögum Jöfnunarsjóðs.

Aðilar framangreinds samkomulags sammælast um að áfram verði unnið að greiningu á þróun útgjalda vegna þjónustunnar og leitast við að ná samkomulagi um styrkingu á fjárhagsgrundvelli hennar á næsta ári.

Frétt Sambandsins um málið má sjá [hér](#) og frétt stjórnarráðs Íslands er að finna [hér](#).

*Breyting á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir – NPA samningar*

Þann 15. desember sl. voru samþykktar breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem felur í sér að bráðabirgðaákvæði um innleiðingu notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA) er framlengt til 31. desember 2024. Í bráðabirgðaákvæðinu er kveðið á um að ríkissjóður veiti framlag til tiltekins fjölda NPA samninga sem skuli ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt reglugerð skiptist kostnaður vegna NPA samninga þannig að sveitarfélög bera 75% og ríkið 25%.

Í dag eru um 95 NPA samningar í gildi á landinu og með lagabreytingunni er gengið út frá því að á árunum 2023 og 2024 verði veitt framlag til að uppfylla efni bráðbirgðaákvæðisins þannig að NPA samningar verði allt að 145 á árinu 2023 og allt að 172 á árinu 2024. Mosfellsbær er nú með 8 NPA samninga og einn einstaklingur er að auki með samþykktan samning þar sem beðið er eftir samþykki fyrir hlutdeild ríkisins í samningnum.

Frétt Sambandsins er að finna [hér](#) og frétt stjórnarráðs Íslands er að finna [hér](#).

*Virðingarfyllt,  
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

**Fylgiskjöl:**

1. Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.